

Umsögn FEB um frumvarp Flokks fólksins um 100 þús. kr. frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna.

FEB bendir á að að djúpstæð óánægja ríkir nú meðal eldri borgara vegna mikilla og ósanngjarnra tekjutenginga í lífeyriskerfinu, m.a. þar sem tekjur fólks frá lífeyrissjóðum valda meiri skerðingum en atvinnutekjur. Jafnframt er það hardlega gagnrýnt að grunnupphæðir ellilífeyris hafa ekki fylgt launaþróun, þannig að þeir lífeyrisþegar, sem ekki hafa aðrar tekjur en greiðslurnar frá TR, þurfa að draga fram lífið á tekjum sem eru langt undir lágmarkslaunum og framfærsluviðmiðum.

FEB telur það mjög brýnt að hefja vinnu að endurskoðun þessa kerfis með það að markmiði að gera regluverkið sanngjarnara og einfaldara og draga úr tekjutengingum en lagfæra jafnframt kjör þeirra sem minnst hafa.

Fyrirliggjandi frumvarp gengur vissulega í þá átt að draga úr tekjutengingum og jafna mun sem nú er á skerðingarreglum eftir því hvaðan tekjur eldri borgara eru upprunnar, sem er sanngirnismál. FEB telur því að sú breyting á almannatryggingalögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir gangi í rétta átt.

Félagið er þó þeirrar skoðunar að edlilegra væri að skref sem þetta væri hluti af róttækri og heildstæðri endurskoðun lífeyriskerfisins, þar sem einnig yrði leitast við að sníða af því aðra vankanta. Í niðurstöðu slíkrar endurskoðunar myndi væntanlega m.a. felast áætlun um áfangaskiptingu breytinga og forgangsröðun eftir því hvaða úrbætur yrðu taldar brýnastar.

*Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni,*

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Reykjavík, 2. mars 2020

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (frítekjumark vegna lífeyristekna), 83. mál.


Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 25. febrúar s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál sem kveður á um að setja inn sérstakt frítekjumark á lífeyristekjur.

Mikil óánægja hefur lengi ríkt vegna hinna miklu tekjutenginga sem eru á milli greiðslna almannatrygginga og greiðslna frá lífeyrissjóðum. Jaðarskattaáhrifin ganga það langt að þau grafa undan tiltrú almennings á lífeyrissjóðakerfinu. Fólk sér ekki hag í því að hafa lagt fyrir í lífeyrissjóð þar sem tekjutengingar almannatrygginga gera það að verkum að lítið situr eftir í vasa sjóðfélagans.

Umræddu frumvarpi er ætlað að bæta stöðu þeirra sem lagt hafa fyrir í lífeyrissjóð og setja sérstakt frítekjumark á lífeyrisgreiðslur. LL styðja slíkt markmið en vilja benda á að lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum hafa myndast með iðgjöldum sem koma frá atvinnutekjum og eru lífeyrisgreiðslur því í eðli sínu frestun atvinnutekna. Því er engin ástæða til að setja sérstök frítekjumörk á lífeyrissjóðsgreiðslur þar sem meðhöndla ætti greiðslur úr lífeyrissjóðum með sama hætti og beinar atvinnutekjur.

Háværar gagnrýnisraddir heyrast á núverandi samspil milli greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða og sker Ísland sig úr í öllum samanburði við önnur ríki í þessum efnum. Lífeyrisþegar kvarta nú sáran og telja sig miklu misrétti beitta. ***Er því afar brýnt að stjórnvöld gangist í þá vinnu að yfirfara núverandi frítekjumörk og tekjutengingar.***

LL lýsa yfir stuðningi við markmið umrædds frumvarps en telja eigi að síður að meðhöndla eigi lífeyrisgreiðslur með sama hætti og atvinnutekjur þegar kemur til samspils við greiðslur almannatrygginga.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Góðan dag.

Undirritaður tekur heilshugar undir frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (frítekjumark vegna lífeyrisgreiðslna).

Flm. Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristjánsson

Það er löngu tímabært að hækka frítekjumark vegna lífeyrisgreiðslna. Tek undir greinargerðina og styð þessa breytingu.

Kveðja Valmundur Valmundsson